



## Sílan 290

### Lýsing

Sílan 290 er vatnsfæla ætluð til þess að gera steinsteypu og múr vatnsfælin. Virka efnið er alkýlalkoxýsíloxan, í terpentínuupplausn.

### Notkun

SÍLAN 290 er notað á nýja og/eða ómálaða steinsteypu og múrhúð utanhúss, til þess að gera flötinn vatnsfælinn. Þannig má koma í veg fyrir vatnsskemmdir. Sílan 290 hindrar á engan hátt viðloðun málningar við flötinn, sé rétt að verkinu staðið.

### Tæknilegar upplýsingar

|   |                                      |
|---|--------------------------------------|
| <b>Litir:</b> Litlaust                                      | <b>Þynnir:</b> Terpentína            |
| <b>Pakkningar:</b> 4, 20 og 200 lítra                       | <b>Áhaldahreinsir:</b> Terpentína    |
| <b>Efnisnotkun:</b> Háð eðli flatar (4-5 m <sup>2</sup> /l) | <b>Yfirmálun:</b> Eftir 1 sólarhring |
| <b>Eðlisþyngd:</b> 0,8 kg/l                                 |                                      |

### Undirmálun

Sílan 290 á að nota beint á steypu.

### Yfirmálun

Allar þær málningar sem starfsmenn Slippfélagsins mæla með á steinsteypu eða múr. Þar má nefna m.a. Brynju (8820), Hjörvi 15, Steinsílan (8850) og Vitretex (8210).

### Áhöld

Bestur árangur fæst með því að nota lágþrýstisprautu (< 0,5 bar), t.d. eitursprautu án spíss eða málningarrúllu og hefja verkið neðst og vinna upp á við.

## Vinnutilhögun


Flöturinn skal vera hreinn og þurr og a.m.k. mánaðar gamall. Fita, laust yfirborð, ryk, mold og önnur óhreinindi skulu fjarlægð. Bestur árangur næst með háþrýstipvotti og vandlegri burstun með strákústi. **Sílan 290** er ætlað sem vatnsvörn á hreina og þurra steinsteypu. Það gagnar lítið að vatnsverja mold og óhreinindi sem liggja utan á fletinum. **Sílan 290** er borið á í tveimur umferðum. Seinni umferðin er borin á strax og veggurinn virðist vera orðinn þurr af fyrri umferðinni. Haldið 30-50 cm breiðu belti blautu í einu, því þannig er tryggð hámarksupptaka efnisins í hvorri umferð. Efnisnotkun er mjög háð gerð og ástandi flatarins. Opin og gljúp steypa dregur meira til sín af efninu en lokuð og þétt steypa. Í upphafi verks má áætla 0,25-0,75 lítra á fermetra. Mála má yfir **Sílan 290** einum sólarhring eftir að það var borið á, og hvenær sem er eftir það.

## Athugasemdir

- Æskilegt er að byrgja tré, málma og gler þar sem **Sílan 290** myndar fituhúð á slíkum flötum.
- Mikilvægt er að **Sílan 290** sé geymt í vel lokuðum umbúðum, og gæta skal þess að það komist ekki í snertingu við vatn fyrir notkun.
- **Sílan 290** heldur vatni frá smásprungum (netsprungum) allt að 0.3 mm að vídd. Stærri sprungur verður að gera við með öðrum hætti áður en verkið er hafið.
- **Sílan 290** má ekki mynda filmu á fletinum, því það gæti skert viðloðun málningar við flötinn.

## Varúðarmerkingar

Nauðsynlegt er að lesa og fara eftir notkunar- og öryggisleiðbeiningum. Ávallt skal varast innöndun lífrænna leysiefna og málningarúða. Mjög áriðandi er að hafa góða loftræstingu við meðhöndlun málninga sem þynntar eru með lífrænum leysiefnum. Þegar málningu er sprautað skal nota andlitsgrímur og nauðsynlegan hlífðarfatnað.



Inniheldur terpentínu.

Hættulegt við innöndun, í snertingu við húð og við inntöku.

Geymist þar sem börn ná ekki til.